

## **Tillögur aðildarféлага til búnaðarþings 2020 sem vísað er til umhverfisnefndar þingsins.**

### **1. Tillaga frá VOR – Verndun og ræktun, félag framleiðenda í lífrænum búskap**

**Efni:** Drög að opinberri stefnumótun fyrir lífrænan landbúnað á Íslandi.

#### **Markmið**

Að leggja grunn að stefnu fyrir lífrænan landbúnað á Íslandi. Að leggja mat á möguleikum lífræns landbúnaðar til útbreiðslu hér á landi og skilgreina markmið þar um. Slíkt starf gæti skapað grundvöll fyrir opinberri aðgerðaáætlun fyrir lífrænan landbúnað með sérstöku fjárframlagi hins opinbera.

#### **Greinargerð**

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að auka beri lífrænan landbúnað hér á landi og ýmis markmið þar um hafa heyrst s.s. í tengslum við Græna hagkerfið. Áhugi neytenda á lífrænt vottuðum afurðum kemur fram í vaxandi innflutningi þar sem innlend framleiðsla hefur ekki staðið undir eftirspurn.

Í lífrænum landbúnaði hefur ríkt stöðnun hér á landi undanfarin ár og stöndum við langt að baki þeim þjóðum sem við viljum bera okkur saman við s.s. í Danmörku þar sem skýr opinber aðgerðaáætlun hefur verið forsenda vaxtar í þessari atvinnugrein. Mörg fleiri lönd hafa sett sér slíka stefnu sem stuðlar m.a. að nýsköpun í landbúnaði og styrkir grundvöll fyrir búsetu í dreifðum byggðum.

Staðan í loftslagsmálum knýr á um breytingar í landbúnaði en hér á landi vegur hvað þyngst nauðsyn þess að dregið verði úr notkun á tilbúnum áburði sem allur er innfluttur. Jafnframt verði að bæta nýtingu búfjáráburðar og auka notkun annarra lífrænna áburðargjafa af ýmsu tagi. Aukin útbreiðsla lífræns landbúnaðar hér á landi eykur líkur á því að slík markmið náist þar sem lífrænn búskapur er hringrásarkerfi og hagstæður til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda en stuðlar einnig að kolefnisbindingu. Þá eru vörurnar markaðsvænar hvað varðar hollustu og umhverfi. Lífrænn búskapur stuðlar að skynsamlegri nýtingu lands og býður upp á ýmis tækifæri til atvinnuþróunar til framtíðar.

**Athugasemd til nefndar:** Getur mögulega fallið inn í tillögu umhverfisnefndar að umhverfisstefnu landbúnaðarins.

# Umhverfisstefna landbúnaðarins 2020-2030



**Skýrsla Umhverfisnefndar Bændasamtaka Íslands**

**Febrúar 2020**

## Inngangur

Á Búnaðarþingi 2018 var samþykkt ályktun um að vinna skyldi umhverfisstefnu fyrir landbúnaðinn. Markmið vinnunar voru eftirfarandi:

*Að greina stöðu umhverfismála í íslenskum landbúnaði og setja í framhaldinu markmiðssetta stefnu í umhverfismálum til næstu ára.*

*Að umhverfisstefnan verði leiðarljós einstakra bænda og búgreina sem og landbúnaðarins alls í umhverfismálum.*

*Að umhverfisstefnan verði lifandi sáttmáli sem taki reglulegri endurskoðun.*

*Að umhverfisstefnan verði mikilvægt verkfæri við endurskoðun búvörusamninga og framtíðarsamninga ríkis og bænda.*

*Að umhverfisstefnan verði mikilvægt verkfæri til markaðssóknar landbúnaðarvara á íslenskum markaði.*

Í kjölfar Búnaðarþings var skipuð nefnd til að fylgja tillögunni eftir. Nefndin átti að skila hugmyndum fyrir formannafund haustið 2019 og fullmótaðri umhverfisstefnu fyrir Búnaðarþing 2020. Í nefndinni sátu:

*Ingvar Björnsson, bóndi á Hólabaki formaður*

*Hlynur Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka skógareigenda*

*Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda*

*Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda*

*Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda*

Hluta starfstímans fór Margrét í leyfi og Jóhanna María Sigmundsdóttir tók hennar stað.

Það sem hér fer á eftir er tillaga nefndarinnar að umhverfisstefnu fyrir landbúnaðinn sem lögð verður fyrir Búnaðarþing í mars 2020.

# Umhverfisstefna landbúnaðarins 2020-2030

## 1. Leiðarljós og markmið

Landbúnaður byggir á nýtingu náttúrunnar og auðlinda hennar. Náttúruleg skilyrði ráða til lengri tíma mestu um afkomu þeirra sem landbúnað stunda. Því er það skylda gagnvart komandi kynslóðum að landbúnaður hverju sinni sé sjálfbær og gangi ekki á náttúruleg gæði. Bændur eiga að taka forystu í umhverfismálum og setja sér metnaðarfull markmið. Þetta gildir um einstök bú, búgreinar, héruð og landbúnaðinn sem heild.

Leiðarljós *Umhverfisstefnu Landbúnaðarins 2020-2030* eru:

### **Loftslagsvernd - Sjálfbærni - Vistheimt (endurheimt vistkerfa)**

Loftslagsbreytingar eru ein stærsta áskorun mannkyns og framtíð komandi kynslóða ræðst af því hvernig við bregðumst við á næstu árum. Ráðast þarf í áttak í kolefnisbindingu ásamt því að draga eftir mætti úr losun gróðurhúsalofttegunda. Kolefnisbinding mun að mestu fara fram með skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis. Þarna hafa bændur margt fram að færa, landið, þekkinguna og verkfærin.

Sjálfbær nýting lands og annarra auðlinda er lykilþáttur í umhverfisstefnu landbúnaðar. Í landnýtingarmálum eiga bændur að leiða umræðuna og stefna að því að öll landnýting til landbúnaðar sé sjálfbær til lengri tíma. Til þess að ná slíkum markmiðum getur þurft að ráðast í umfangsmikil landbótaverkefni á einhverjum svæðum og jafnvel friða önnur.

Náttúruvernd og endurheimt landgæða á að vera sjálfsagður hluti landnýtingar. Miklir möguleikar geta falist í því að vernda eða friðlýsa ákveðin svæði og endurheimta vistkerfi. Þannig geta t.d. skógrækt og endurheimt votlendissvæða orðið aðdráttarafl í ferðaþjónustu auk þess að leggja lóð á vogarskál loftslagsverndar.

Ótal dæmi er hægt að nefna þar sem bændur geta verið leiðandi í umhverfismálum. Lífrænan úrgang er hægt að nýta sem áburð, hliðarafurðir er hægt að nýta sem fóður og miklir möguleikar eru í vistvænni orkuframleiðslu á bændabýlum.

Með umhverfisstefnu skerpir íslenskur landbúnaður áherslur sínar í umhverfismálum og hvetur bændur og landbúnaðinn í heild til að huga að vistbætandi verkefnum. Umhverfisstefnan á að vera leiðarljós, hvatning og verkfæri til jákvæðrar ímyndarsköpunnar.

## 2. Umhverfi, náttúra og landbúnaður

### Loftslagsmál

Samkvæmt losunarbókhaldi Íslands er losun gróðurhúsalofttegunda vegna landbúnaðar um 600.000 tonn CO<sub>2</sub> ígilda á ári. Þetta er losun sem myndast vegna beinnar starfssemi á búum og stærstu losunarvaldarnir eru innnyflagerjun búfjár, geymsla og notkun búfjáráburðar og notkun tilbúins áburðar. Losun vegna framleiðslu og flutnings aðfanga á borð við áburð, kjarnfóður og rúlluplast er áætluð um 100.000 tonn CO<sub>2</sub> ígilda svo segja má að heildarlosun landbúnaðar vegna framleiðslu afurða á býli sé um 700.000 tonn CO<sub>2</sub> ígilda á ári. Tækifæri til að draga úr losun

gróðurhúsalofttegunda felast í bættri afurðasemi gripa, betri nýtingu á tilbúnum áburði og búfjáraþurði, loftslagsvænni ræktunaraðferðum, betri nýtingu jarðefnaeldsneytis og orkuskiptum.

### Landnýting

Sjálfbær nýting beiti- og ræktunarlanda er lykilatriði ef tryggja á framtíð landbúnaðar á Íslandi. Tryggja þarf að nýting lands til beitar og ræktunar gangi ekki á gæði þess til framtíðar. Úrvals ræktunarland þarf að vernda og tryggja að það verði nýtt til matvælaframleiðslu. Nýting beitilanda verður undir öllum kringumstæðum að vera sjálfbær og til að svo megi verða getur þurft að ráðast í umfangsmiklar landbætur eða jafnvel friðun viðkvæmra svæða. Landgræðsla og skógrækt eiga að vera samþættur hluti hefðbundis búskapar. Landgræðsla og skógrækt þjóna öllum meginmarkmiðum umhverfisstefnunnar, loftslagsvernd, sjálfbærni og vistheimt.

### Orkunotkun í landbúnaði

Mikil tækifæri felast í möguleikum til orkuframleiðslu á bújörðum t.d. framleiðslu á lífdísel og eldivið, nýtingar hauggass og framleiðslu heimarafmagns. Draga má úr notkun innflutts jarðefnaeldsneytis með bættri nýtingu véla og orkuskiptum.

### Áburðarnýting

Með markvissri áburðarnýtingu er hægt að lágmarka umhverfisáhrif af áburðarnotkun. Markviss áburðarnotkun dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda og kemur í veg fyrir útskolun úr ræktunarlandi. Rétt meðhöndlun búfjáraþurðar við geymslu og dreifingu tryggir betri nýtingu áburðarefna og getur þannig dregið úr umhverfisáhrifum og dregið úr notkun á tilbúnum áburði. Leita þarf leiða til að nýta lífrænan úrgang í auknum mæli sem áburð og draga þar með úr innflutningi áburðar.

### Mengun frá landbúnaði

Mikilvægt er að tryggja að landbúnaðarstarfssemi valdi ekki staðbundinni mengun í ám, vötnum eða grunnvatni. Með nákvæmri áburðarnotkun er hægt að tryggja að útskolun næringarefna valdi ekki mengun. Tryggja þarf að frárennsli frá landbúnaði innihaldi ekki efni sem hættuleg eru umhverfi s.s. lyfjaleifar, plöntuverndarvörur og þvottaefni.

### Meðferð sorps

Stefna skal að flokkun alls sorps frá landbúnaði og endurnýtingu og -vinnslu þess sorps sem hægt er að endurvinna. Allt rúlluplast skal færa til endurvinnslu og stefnt skal að því að draga úr plastnotkun í landbúnaði.

### Ásýnd bændabýla

Snyrtimennska og umgengni eru umhverfismál. Mannvirki í landbúnaði (byggingar, girðingar, vegir og skurðir), ástand þeirra og umgengni um þau sem og opin svæði hafa áhrif á ímynd landbúnaðar. Hvetja þarf bændur til að huga vel að skipulagi jarða sinna, t.d. geta vel skipulagðir skógar og skjólbelti aukið afrakstur ræktunarlands og þjónað fjölbreyttu umhverfishlutverki.

### Landbúnaður og hringrásarhagkerfið

Ávallt skal leita leiða til að nýta aðföng til landbúnaðar sem best og forðast sóun. Hvetja þarf til heimaöflunar fóðurs og hráefna til að draga úr flutningum og auka sjálfbærni og fæðuöryggi. Ólíkar búgreinar eiga að vinna að sama markmiði. Þannig getur úrgangur eða hliðarafurð einnar búgreinar orðið að hráefni eða aðföngum í annarri. Leita þarf leiða til að nýta næringarefni og annað hráefni

sem til fellur í öðrum atvinnugreinum sem aðföng í landbúnaði og draga þannig úr umhverfisáhrifum framleiðslunnar.

### 3. Meginmarkmið *Umhverfisstefnu 2020-2030*

#### Markmið 1 - Kolefnishlutleysi landbúnaðar 2030

Stefnt skal að kolefnishlutleysi landbúnaðar (án landnýtingar) árið 2030. Þessu markmiði skal náð með **samdrætti í losun og aukinni kolefnisbindingu**.

#### **Samdráttur í losun um 100.000 tonn af CO<sub>2</sub> ígildum verði náð 2030**

##### **Aukin afurðasemi búfjár**

Með aukinni afurðasemi búfjár er hægt að viðhalda núverandi framleiðslu samhliða því að fækka búfé eða auka framleiðslu með sama búfjárfjölda. Slíkt dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda á framleidda einingu.

##### **Aukin nýting lífræna áburðargjafa**

Með nýtingu lífræns úrgangs sem áburðar er hægt að draga úr notkun á tilbúnum áburði. Mikilvægt er að veita næringarefnastraumum sem til falla í öðrum atvinnugreinum eða sem úrgangur frá byggð (s.s. seyra og molta) inn í landbúnaðarframleiðsluna.

##### **Bætt nýting búfjáraburðar**

Með betri geymsluaðferðum og dreifingu búfjáraburðar á kjörtíma eykst áburðarnýting. Slíkt getur dregið úr notkun á tilbúnum áburði.

##### **Bætt nýting tilbúins áburðar**

Með nákvæmum áburðaráætlunum og markvissri endurræktun er hægt að bæta áburðarnýtingu og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

##### **Umhverfisvænni ræktunaraðferðir**

Með markvissri ræktun og nýtingu plantna á borð við belgjurtir er hægt að draga úr áburðarnotkun án þess að það komi niður á frjósemi jarðvegs. Einnig er hægt að nota aðferðir lífrænnar ræktunar s.s. markviss sáðskipti og grænan áburð til að byggja upp frjósemi ræktunarlands og draga úr notkun á innfluttum tilbúnum áburði.

##### **Bætt nýting jarðefnaeldsneytis og orkuskipti**

Mikil tækifæri eru til orkuframleiðslu á bújörðum. Hauggas og viður geta nýst til varmaframleiðslu og sem eldsneyti. Vatnsorku og vindorku má víða nýta til raforkuframleiðslu og lífdísil er hægt að vinna úr nytjajurtum. Þessar orkuuppsprettur geta orðið grunnur að orkuskiptum í landbúnaði þar sem innfluttu jarðefnaeldsneyti yrði að hluta skipt út fyrir umhverfisvænni orkugjafa. Ennfremur má draga úr notkun á olíu með bættri nýtingu véla.

## Kolefnisbinding á 600.000 tonnum CO<sub>2</sub> ígilda verði náð 2030

### Skógrækt

Skógur bindur 5-20 tonn af CO<sub>2</sub> á ha árlega allt eftir tegundum og vaxtarskilyrðum. Skógrækt ætti að vera fyrsti kostur þegar kemur að aðgerðum til að binda kolefni. Til þess að kolefnisjafna íslenskan landbúnað þarf að planta um 60.000 ha af blönduðum skógi á tímabilinu 2020-2030 þetta samsvarar 6.000 ha á ári eða 2 ha á hvert lögbýli í byggð.

### Landgræðsla

Gera má ráð fyrir að landgræðsla bindi um 2 tonn CO<sub>2</sub> á ha á ári. Aukin landgræðsla er þjóðþrifaverk og með landgræðslu til kolefnisbindingar er jafnframt unnið að vistheimt og aukinni sjálfbærni í landnýtingu. Til að kolefnisjafna íslenskan landbúnað þarf að græða upp 300.000 ha af landi á tímabilinu 2020-2030. Þetta samsvarar 30.000 ha á ári eða ca 10 ha árlega á hvert lögbýli í byggð.

### Endurheimt votlendis

Endurheimt votlendis er öflug mótvægisáðgerð gegn kolefnislosun. Ekki er um að ræða kolefnisbindingu heldur er kolefnislosun frá framræstu landi stöðvuð. Áætlað er að ha af framræstu landi losi árlega um 20 tonn af CO<sub>2</sub>. Ef kolefnisjafna á íslenskan landbúnað þarf að endurheimta 30.000 ha af votlendi á tímabilinu 2020-2030. Þetta samsvarar 3.000 ha árlega eða ca 1 ha á hvert lögbýli í byggð.

### Blönduð leið

Sé farin blönduð leið (**t.d. skógrækt 50% -landgræðsla 30% -endurheimt votlendis 20%**) að því takmarki að kolefnisjafna íslenskan landbúnað árið 2030 þarf að ráðast í eftirfarandi aðgerðir á hverju lögbýli í byggð á árabilinu 2020-2030:

- planta 10 ha af blönduðum skógi
- græða upp 30 ha af rofnu landi
- endurheimta 2 ha af votlendi.

### Markmið 2 -Sjálfbær nýting landbúnaðarlands 2030

Stefnt skal að því að öll nýting landbúnaðarlands (beitilanda) verði sjálfbær árið 2030

Greina þarf ástand beitolanda

Skilgreina þarf sjálfbæra nýtingu beitolanda og þróa sjálfbærnivísa fyrir beitarnýtingu.

Ráðast þarf í stórfellda landgræðslu og landbætur

Mögulega þarf að friða viðkvæm svæði

Verkefnið GróLind sem er samstarfsverkefni ANR, BÍ, LR og LS mun nýtast sem grunnur til að ná markmiði 2.

## Markmið 3 -Endurheimt vistkerfa 2020-2030

Sett verði á laggirnar átaksverkefni til endurheimtar vistkerfa á lögbýlum.

Endurheimt votlendissvæða

Endurheimt gróðurs (landgræðsla á rofnu landi)

Endurheimt birkiskóga

Flest verkefni sem falla undir markmið 3 munu væntanlega einnig þjóna markmiðum 1 og 2.

### Grænt bókhald

Mikilvægt er að koma á „grænu bókhaldi“ sem heldur utan um umhverfisverkefni einstakra bænda og landbúnaðarins í heild. Það er forsenda þess að hægt sé að fylgjast með árangri í umhverfismálum og meta hvort markmiðum er náð. Nærtækast er að nota gagnagrunninn *jörð.is* til að halda utan um kolefnisbindingu og gögn úr skýrsluhaldsgrunnum má nota til að reikna út loftslagsbókhald hvers bús. Á *Bændatorgi* yrði kolefnisreiknivél hvers bús og á heimasíðu Bí yrði teljari sem sýndi heildarárangur landbúnaðarins.

### Ráðgjöf

Leggja þarf áherslu á að öflug ráðgjöf sé í boði fyrir bændur til að þróa landbúnað í átt að umhverfisvænni framleiðsluaðferðum. Hrinda þarf að stað átaksverkefni í loftslagsvænum landbúnaði sem ná þarf til meginþorra bænda.

### Rannsóknir og menntun

Stórefla þarf rannsóknir á aðferðum til að draga úr umhverfisáhrifum landbúnaðar einkum í tengslum við loftslagsmál. Efla þarf kennslu í loftslagsvænum búskaparháttum í búfræðinámi og bjóða upp á námskeið fyrir starfandi bændur.

### Aðgerðir og eftirfylgni

Umhverfisstefna landbúnaðarins 2020-2030 er lifandi sáttmáli sem endurskoðaður og uppfærður verður eftir þörfum.

Í kjölfar samþykktar umhverfisstefnu þarf að vinna **ítarlega aðgerðaáætlun** sem útfærir hvernig markmiðum skuli náð. Þegar markmiðum um kolefnisjöfnun landbúnaðar verður náð er hægt að nota sömu aðferðafræði til að jafna starfssemi fyrirtækja í landbúnaði og í kjölfarið starfssemi fleiri fyrirtækja og stofnana.



## Heimildir

Við vinnu nefndarinnar var víða leitað fanga. Eftirfarandi lykilheimildir voru hafðar til hliðsjónar:

**Greining á losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði.** Jón Guðmundsson, Landbúnaðarháskóla Íslands. Október 2018.

**Losun gróðurhúsalofttegunda frá sauðfjárbúum á Íslandi og aðgerðir til að draga úr losun.** Umhverfissráðgjöf Íslands fyrir Landssamtök sauðfjábænda. Október 2017

**Kolefnisspor nautgriparæktar á Íslandi.** Efla verkfræðistofa fyrir Landssamband kúabænda. Febrúar 2020.

**Áhrif fjórföldunar nýskógræktar á Íslandi á losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda.** Arnór Snorrason og Sigríður Júlía Bryleifsdóttir. Skógræktin, ársrit 2017.